



“Í TAKT VIÐ TÆKNINA”

- efling læsis með notkun upplýsingatækni og spjaldtölva

Heilsuleikskólinn Hamravellir
Lokaskýrsla til Sprotasjóðs – júní 2015

Nafn skóla:

Heilsuleikskólinn Hamravellir, Hafnarfirði

Nafn verkefnisins:

Í takt við tæknina – efling læsis með notkun upplýsingatækni og spjaldtölva

Nafn verkefnisstjóra:

Hildur Arnar Kristjánsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Um er að ræða þróunarverkefni er snýr að samþættingu læsis í víðum skilningi, upplýsingatækni og spjaldtölva í faglegu starfi. Lögð verður áhersla á að nýta tæknina og tækin á sem fjölbreyttastan hátt með það að markmiði:

- Að örva málþroska og fjölbreytta tjáningu barnanna á skipulegan hátt
- Að nemendur kynnist og öðlist skilning á tungumálinu og möguleikum þess
- Að nemendur hlýði á og semji sögur, ævintýri og ljóð í gagnvirku umhverfi tækninnar
- Að styðja við og efla jákvæð samskipti og félagsfærni barnanna
- Að kynna nemendur fyrir spjaldtölvum og þeim möguleikum sem þær búa yfir
- Að stuðla að læsi nemenda í víðum skilningi.

Eins og segir í Aðalnámskrá leikskóla (2011) þá er læsi í víðum skilningi mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér þekkingu, hæfni og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar sínar, skoðanir og upplifun á fjölbreyttan hátt. Börn hafa ríka þörf fyrir samskipti og nota til þess ýmsar leiðir s.s. leikræna tjáningu, snertingu, ýmis hljóð, myndmál og tónlist. Góð og gefandi samskipti geta aukið sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna og þannig aukið félagsfærni þeirra.

Spjaldtölvur hafa verið að ryðja sér rúms á undanförunum árum og nota nemendur slík tæki í æ ríkara mæli við nám og störf. Upplýsingatækni og spjaldtölvur veita börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og hæfni er snýr að læsi, miðlun og verkunnáttu í gagnvirku umhverfi tæknimiðla. Tölvurnar eru tól sem nota má til fjölþættrar merkingarsköpunar sem örvar starfsgleði og fróðleiksþorsta barnanna auk þess að efla frjóa hugsun.

Með þessi markmið að leiðarljósi er ætlunin að vinna að eflingu læsis m.a. með aðstoð kennsluforrita (e. apps). Lögð verður sérstök áhersla á tölur, tákni og hljóð auk almennra umgengnisreglna við tölvur s.s. samskipti í gegnum netið, netöryggi o.fl.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Ákveðið var að draga úr umfangi verkefnisins þar sem ekki fékkst allt það fjármagn frá Sprotasjóði sem vonir stóðu til. Það var einkum gert með því að einfalda verkefni og leggja mismunandi mikla áherslu á markmiðin þó ákveðið hafi verið að halda þeim þó öllum inni. Þær leiðir sem farnar voru að markmiðunum voru eftirfarandi:

Með kennurum:

- Könnun meðal kennara um kunnáttu og þekkingu á tækjunum og forritum.
- Grunnkennsla á tækið og umgengni við það í hverjum skóla.
- Sameiginleg fræðsla fyrir alla starfsmenn um notkun og virkni upplýsingatækni og spjalddölva.
- Val milli tveggja námskeiða á sameiginlegum starfsdegi er bæði tengdust eflingu á læsi (fyrir styttra og lengra komna).
- Einstaklingsmiðuð fræðsla og aðstoð í hverjum skóla fyrir sig.

Með börnum/nemendum:

- Kennsla í umgengni við spjalddölvur í daglegu starfi á deildum.
- Skipuleg kennsla á einstaka forrit í smærri hópum inni á deildum.
- Skipuleg kennsla á einstaka forrit í smærri hópum fyrir utan deildir.
- Forritin sem voru notuð í kennslunni voru m.a. þessi:
 - **Puppet Pals** – nýtt til að hvetja börn til að semja sögur og ævintýri og tjá þau myndrænt með hjálp spjalddölva. Einnig notað til að styðja við og efla samskipti og félagsfærni þeirra.
 - **Lærum og leikum með hljóðin** – nýtt til að örva málþroska, hljóðvitund og fjölbreytta tjáningu barnanna.
 - **MyPlayHome** – nýtt til að auka félagsfærni, hugtakaskilning og tjáningu barnanna.
 - **Ýmis tónlistarforrit, t.d. Garage Band og Kids Music** – nýtt til að auka fjölbreytni tjáningar og efla samskipti.
 - **Ýmis forrit, t.d. Sort It Out, Bitsboard ofl.** – nýtt til að auka hugtakaskilning og orðaforða.
 - **Öll forritin** – voru notuð til að kenna börnum að umgangast spjalddölvur og til að kynna fyrir þeim fjölbreytta möguleika þeirra.
- Aldurshæfandi samræður með börnunum um notkun spjalddölva og efni sem unnið var með hverju sinni.



Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Í upphaflegri áætlun verkefnisins stóð til að standa fyrir opnu Skólapingi fyrir starfsfólk leikskóla á vorönn 2015 þar sem m.a. yrði gerð grein fyrir niðurstöðum verkefnisins. Að vel athuguðu máli ákváðum við þó að fresta Skólapinginu fram á haustönn 2015. Ástæðan er sú að eftir á að hyggja töldum við það gagnast bæði skólunum okkur og leikskólasamfélaginu mun betur að fá allar þessar upplýsingar og hvatningu að hausti til að geta nýtt það sem innspýtingu inn í starf vetrarins.

Helstu hindranir og áskoranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Huga þurfti meira og betur að grunnfærni kennara í sambandi við tæknina og tækin og nýtingu þeirra en við hugðum í upphafi. Fólk var einnig misviljigt til að taka þátt í þessari vinnu í upphafi og hafði skortur á reynslu og þekkingu á þessari kennsluáðferð þar sitt að segja.

Þar sem margir skólar komu að verkefninu og var oft erfitt að finna tíma til að ná fulltrúum þeirra allra saman. Þá var gott að geta nýtt sér tæknina til að henda hugmyndum og vangaveltum á milli.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Starfsfólk allra skólanna hefur verið tiltölulega fljótt að tileinka sér að nota spjaldtölvur og verkefni tengd þeim. Í dag eru spjaldtölvurnar t.d. orðnar sjálfsgöður hluti af daglegu starfi í forystuskólanum og eru umsetnar hjá umsjónarmanni. Í Hafnarfirði var farið af stað með nýja læsisstefnu á leik- og grunnskólastigi og hefur þessi vinna átt góðan samhljóm með henni. Í kjölfarið á þeirri vinnu voru gerðar mánaðaráætlanir varðandi læsi í leikskólanum og var einn liður í þeim notkun spjaldtölva. Þannig komu spjaldtölvurnar fastar inn á hverja deild í aldursvarandi verkefnum til að efla læsi.

Börnin/nemendurnir hafa einnig tekið þessari kennsluáðferð fagnandi og eru almennt ótrúlega fljót að átta sig á þeim möguleikum sem spjaldtölvur og tæknin bjóða upp á. Því finnst okkur það einmitt skipta gríðarlega miklu máli að kenna börnunum að ná tökum á tækninni áður en hún nær tökum á þeim.



Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?:

Verkefnið hefur skilað miklu inn í skólastarf allra skólanna. Þekking, færni og áhugi kennara hefur aukist til muna og eru þeir komnir með þægilegt tæki í hendur til að hjálpa við mikilvægan þátt í kennslu ungra barna; læsi.

Mat á hvernig til tókst felst einkum í því að skoða útkomu eða afrakstur verkefnisins. T.d. í vinnu með forrit eins og Garage Band má hlýða á lög sem nemendur spiluðu og/eða sungu og tóku upp. Í öðrum forritum eins og t.d. Leikum og lærum með hljóðin, var farið markvisst í ákveðin máhljóð og var þá mismunandi hvaða máhljóð voru tekin með nemendum, eftir hvar þjálfunar var þörf. Í sérkennslu er haldin skráning yfir hvaða verkefni var unnið og hvernig nemandi/nemendur réðu við þau. Ef ástæða þótti til, var farið aftur í verkefnið þar til ákveðinni færni var náð.

Í flestum tilfellum greina kennarar framfarir hjá börnunum í tengslum við ýmis svið málþroska og tjáningar auk þess sem þau hafa brennandi áhuga á viðfangsefnunum. Jafnframt telja þeir börnin hafa öðlast aukna færni í samskiptum og langar okkur mikið til að skoða áframhaldandi möguleika til að stuðla að aukinni félagsfærni í þessu samhengi, þ.e. með notkun tækninnar.

Afrakstur verkefnisins eru síðan kennsluáætlanir sem snúa að markmiðum verkefnisins og munu nýtast öllum kennurum í forystu- og samstarfsskólum til áframhaldandi kennslu til að efla læsi með hjálp upplýsingatækni og spjaldtölva.

Niðurstöður verkefnisins: T.d. eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.
 - Börnin komu misvön spjaldtölvum inn í verkefnið. Sum voru greinilega vön þeim á meðan öðrum þurfti að kenna undirstöðuatríði spjaldtölvanna alveg frá grunni.
 - Öll börnin höfðu brennandi áhuga á þessari vinnu og er það mjög eftirsótt að vera að vinna með spjaldtölvurnar.
 - Mikilvægt er að setja grunnreglur fyrir starfsmenn hvernig skal vinna með spjaldtölvur og hvaða forrit séu í boði, til að vinnan skili sér í faglegri kennslu.
- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?
 - Mörg markmiðin er e.t.v. erfitt að mæla, en færni barnanna á notkun spjaldtölvanna er vel mælanleg. Í verkefnum þar sem börnin þurftu mikinn stuðning fyrst, eru þau orðin vel sjálfstæð í dag.
 - Mörg börn voru í smærri hópum að vinna með málþroska og var hægt að sjá sjáanlegan mun hjá þeim.

- Á elstu deild unnu börnin með t.d. Puppet Pals og MyPlayHome, sem eru bæði hlutverkaforrit. Fyrstu skiptin fóru í að öðlast færni í forritinu sjálfu en í síðustu skiptum hafa börnin verið að setja upp leikrit og stjórna persónum í ævintýrlegu sem og daglegu umhverfi.
- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Já, tvímælaust. Mikill áhugi er í öllum skólunum til að þróa verkefnið og þessa kennsluaðferð áfram. Forystuskólinn býr þar að auki svo vel að verkefnið er algerlega í takti við þá vinnu sem nú fer fram varðandi nýja læsisstefnu í Hafnarfirði og mun því nýtast sérlega vel við áframhaldandi vinnu í leikskólanum.

Síðan er það jafnframt von okkar að þetta verkefni og reynsla okkar hvetji aðra í leikskólasamfélaginu til að fara í verkefni af svipuðu tagi því ýmsar rannsóknir og vinna okkar sjálfra hefur sýnt fram á það að upplýsingatækni, kennsluforrit og spjaldtölvur er bæði gagnleg og skemmtileg viðbót við þær kennsluaðferðir sem fyrir eru.

- Afrakstur/kennsluáætlanir

Útbúnar voru nokkrar kennsluáætlanir sem nýtast öllum kennurum í samstarfsskólunum. Í hverri kennsluáætlun er unnið að ákveðnu verkefni sem samþættir mörg markmið. Kennsluáætlunum er ætlað að vekja kennara til umhugsunar um atriði sem taka þarf á í verkefnavinnunni og veita leiðbeinandi ráðleggingar varðandi fyrirlögn og stýringu verkefna með börnunum. Áætlanirnar voru gerðar með ákveðin forrit í huga en flest forrit sameina mörg markmið. Þá var einnig tekið fram í áætlunum hvert æskilegt aldursbil í nemendahópnum sé fyrir viðkomandi verkefni. Á næstu síðu má sjá kennsluáætlun fyrir málörvun í litlum hóp.



Kennsluáætlun

Nemendahópur: Málörvun, 3,5 – 5 ára

Grein: ÍTT Sprotaverkefni

Dagsetning:

Viðfangsefni: Læsi með spjalddölvu

Markmið <ul style="list-style-type: none">• Að örva málþroska og fjölbreytta tjáningu barna á skipulagðan hátt• Að nemendur kynnist og öðlist skilning á tungumálinu og möguleikum þess.• Að stuðla að læsi nemenda í víðum skilningi	Kennslugögn <p>iPad Lærum og leikum með hljóðin</p>
Meginhugsun Að kynna fyrir nemendum, einstaklingslega eða í litlum hópi, íslensku máhljóðin. Að þau læri að þekkja hvað stafirnir segja, ekki eingöngu hvað þeir heita. Æfing í einföldum hljóðatengingum og að mynda máhljóðin á réttan hátt. Að bæta talfærum á réttan hátt, s.s. tungu, vörum oþh.	
Hvað geri ég? <p>Ræða hvaða staf/máhljóð sem vinna á með í tímanum.</p> <p>Leiða verkefnið áfram.</p> <p>Hjálpa börnum að velja máhljóð/staf.</p> <p>Endurtaka réttan framburð.</p> <p>Hvetja barnið og/eða leiðrétta ranga hljóðamyndun.</p>	Hvað gera nemendur? <p>Endursegja hljóð sem valið er.</p> <p>Vinna mismunandi verkefni með hvern staf/máhljóð.</p> <p>Þurfa að bregðast við, segja eða svara eftir tegundum verkefna.</p>
Til ígrundunar <p>Hvaða máhljóð á að leggja fyrir?</p> <p>Hversu stór hópur vinnur saman? Einstaklings- eða hópverkefni?</p> <p>Frekari vinna í kjölfarið með máhljóðin sem unnið var með.</p>	

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Farið verður yfir helstu niðurstöður í hverjum leikskóla fyrir sig og stutt samantekt kynnt á sameiginlegum starfsdegi allra skólanna 30. október nk.

Opið Skólaping á haustönninni mun jafnframt verða nýtt til að kynna verkefnið og þær kennsluáætlanir sem urðu til við vinnu þess.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:

Rekstrarreikningur (Vinsamlegast skilið rekstrarreikningi og undirskrift á sér blaði)

Dagsetning: 8. júní 2015

Hildur Arnar Kistipánsdóttir Undirskrift verkefnisstjóra